

Nd.

233. Frumvarp

til laga um varnarþing og stefnufrest i vixilmálum.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Vixilmál má höfða og sækja í þinghá þeirri, þar sem víxillinn á að greiðast.

2. gr.

Stefnufrestir í vixilmálum skulu vera sem í gestaréttarmálum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög um sérstakt varnarþing í vixilmálum, nr. 33 11. júlí 1911. Siðastnefndum lögum skal þó beita um tékka, er út voru gefnir áður en þessi lög öðlast gildi.

Greinargerð.

Í lögnum um vixilmál og vixilafsagnir, nr. 2 13. jan. 1882, eru engin ákvæði um varnarþing eða um stefnufresti. Málin varð því að höfða á heimilisvarnarþingi stefnds, nema þegar svo stóð á, að unnt var að nota greiðsluvarnarþingið samkv. N. L. 1.—2.—16., sem þó sjaldan var unnt. Fyrir forgöngu bankanna var þessu breytt með l. nr. 33 11. júlí 1911. Var þar heimilað að höfða vixilmál fyrir gestarétti á greiðslustað vixilsins. En lögin taka aðeins til mála út af vixlum, „sem samkv. ákvæði á vixlinum sjálfum eiga að greiðast á tilteknum stað“, og er þetta orðalag mjög óheppilegt og óhönduglegt. Í raun og veru má segja, að allir vixlar eigi skv. ákvæði í þeim sjálfum að greiðast á tilteknum stað, því það er eitt af formskilyrðum vixils skv. 1. gr. víxill, að tiltekið sé í honum, hvar borgun skuli greiða, og sé þess eigi getið sérstaklega, verður skv. 4. gr. að geta staðar við nafn greiðanda, og telst þá sá staður greiðslustaður. Lögin gætu því í raun og veru átt við um alla vixla, en það var eigi til þess ætlazt, er lögin voru sett, heldur að þau tækju aðeins til þeirra vixla, þar sem greiðslustaðurinn er sérstaklega tilgreindur, en ekki til hinna, þar sem hann aðeins er nefndur í sambandi við nafn greiðanda, og þannig hafa lögin jafnan verið skilin. En að byggja mismunandi réttarfarsreglur á þessu, virðist vera ástæðulaust. Í sambandi við endurskoðun víxill. þótti því rétt að breyta þessu og heimila að höfða og reka öll víxil- og tékkamál á greiðsluvarnarþinginu. Ákvæði 2. gr. um stefnufresti er í sömu átt og ákvæði 5. og 6. gr. vixilmálal. um aðra fresti í þeim málum.